

## Útdráttur

Verkefnið sem hér um ræðir snerist um að yfirfæra bókakost Blindrabókasafns Íslands (hér eftir kallað BBI), af hljóðsnældum þ.e. hliðrænu (analogue) formi yfir á stafrænt (digital) form svo að hægt væri að taka upp nútímalegri og hagkvæmari dreifingaraðferðir. Þannig gætu prentleturshamlaðir (blindir, sjónskertir, lesblindir og fleiri) lánþegar BBI nálgast bókakostinn á stafrænu formi, í gegnum tölvur með niðurhali. Jafnframt gætu þeir fengið hljóðbækur lánaðar á einnota diskum eftir pöntun. Undirbúningur verkefnis hófst um mitt árið 2008 en það var innleitt í maí árið 2011. Ferlið tók því þrjú ár í heild. Lokatakmarkið var að geta lánað hljóðbækur út í gegnum niðurhal af vef og á einnota geisladiskum fyrir þann hóp lánþega sem ekki hefur aðgang að tölvum. Jafnframt opnar slík rafvæðing fyrir fjölmarga möguleika í framtíðinni og er undanfarin framleiðsla og dreifingu rafbóka til nemenda og annarra lánþega sem glíma við prentleturshömlun

<b>Stofnun:</b>	Blindrabókasafn Íslands
<b>Starfsmenn:</b>	7
<b>Heyrir undir:</b>	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
<b>Tengiliður vegna verkefnis:</b>	Þóra Sigríður Ingólfssdóttir, forstöðumaður
<b>Tölvupóstur:</b>	thora@bbi.is

### Af hverju var farið í þessa framkvæmd?

Blindrabókasafn Íslands miðlar efni til blindra, sjónskertra, lesblindra og annarra sem ekki geta nýtt sér prentað letur. Þjónusta safnsins hafði verið óbreytt um langt skeið, hún hafði ekki tekið breytingum til samræmis við nýja tækni og var talsvert langt á eftir því sem gerðist á öðrum Norðurlöndum. Útlán hljóðbóka á snældum er úrelt dreifingaraðferð, snældur eru illfánlegar svo og tæki til afspilunar. Yfirfærsla yfir á stafrænt form býður upp á fjölmarga möguleika í framtíðinni, svo sem miðlun efnis í gegnum vef, streymi bóka af vef, dreifingu rafbóka með texta og hljóði svo eitthvað sé nefnt. Nemendur hafa þannig aðgang að námsefni í gegnum vefinn allan sólarhringinn og geta fært hljóðbækur yfir á MP3 spilara. Síðast en ekki síst var bið lánþega eftir að fá lánað efni á snældum oft mjög löng, þar sem einungis voru til fá eintök af hverri bók á snældum. Að lána hljóðbækur í gegnum niðurhal af vef eða á einnota diskum gerir það að verkum að allar bækur eru fánlegar strax. Lánþegar gætu jafnframt afgreitt sig sjálfir í gegnum vef.

### Framkvæmd

Undirbúningur byggðist á úttekt og samtölum við starfsmenn blindrabókasafna á Norðurlöndunum. Þjónusta hljóðbókasafns er mjög frábrugðin þjónustu almenningabókasafna, bækurnar eru framleiddar á safninu og lánþegar fá oft mikla aðstoð við að velja bækur. Nauðsynlegt er að aðgengi á vef sé mjög gott fyrir alla lánþega. Fyrsta skrefið var að yfirfæra efnið af hljómböndum yfir á stafrænt form. Tók það fjóra starfsmenn í 100% starfi um 2 ár. Á meðan á því stóð og að því loknu var leitað leiða að nýju útlána og dreifingakerfi. Tilbúin kerfi að því tagi eru gríðarlega dýr og varð niðurstaðan sú að fara í samstarf við hugbúnaðarfyrirtækið Prógramm ehf. Um framleiðslu á nýju kerfi. Hönnuð voru ný útláns og dreifingakerfi í nánú samstarfi við stafsfolk BBI þar sem unnið var með sértækar óskir og þarfir lánþega BBI. Keypt var hraðvirk framleiðsluvél sem brennir bækur á diska samkvæmt pöntunum af vef. Þegar kerfin voru tilbúin og þau höfðu verið gangsett var lager safnsins eytt.

## Niðurstaða

Frá því í maí 2011 geta lánþegar Blindrabókasafns Íslands afgreitt sig sjálfir í gegnum vef. Allar bækur eru aðgengilegar í gegnum niðurhal. Jafnframt er hægt að panta einnota diska af vef. Allt er nú framleitt samkvæmt pöntun þannig að ekki er lengur nauðsynlegt að framleiða og geyma lager með mörg hundruð þúsund diskum sem nýtast misvel eða ekki. Engin bið er eftir bókum. Láþegar eru hvattir til að nýta sér niðurhal fremur en geisladiska.

Tveimur vikum eftir að nýtt kerfi var sett af stað var gerð lausleg úttekt á útlánum og kom í ljós að 166 lánþegar sem ekki höfðu verið virkir í eitt ár eða lengur nýttu sér kerfið, 260 lánþegar sem höfðu áður fengið diska notuðu nú niðurhal. Útlán jukist talsvert.

Fjárhagslegur ávinningur er umtalsverður. Ljóst er að niðurhal er mun ódýrari dreifingarleið en geisladiskasendingar og því fleiri sem nýta sér það þeim mun meiri verður sparnaður. Kostnaður við viðhald á lager geisladiska var m.a. mældur 1,5 stöðugildi á ári og féll hall alveg niður. Kostnaður við framleiðslu diska sem ekki voru notaðir hefur ekki verið reiknaður en hann var talsverður. Mikil almenn ánægja ríkir meðal lánþega með nýjar dreifingaraðferðir.

## Lærdómur

Starfsfólk Blindrabókasafns hefur unnið mjög mikið saman í þessu verkefni og hefur því fengið góða þjálfun í að tala saman og taka þátt í hugmyndaflæðisfundum. Innviði og eðli starfsemi safnsins hafa verið krufin til mergjar í ferlinu. Farið hefur verið yfir alla þjónustuþætti og lánþegahópa og flokkað eftir forgangsroð. Starfsfólk hefur fengið mun ítarlegri innsýn inn í uppbyggingu útlána og framleiðslukerfa, krufið þarfir ólíkra lánþegahópa og rætt mögulegar framtíðarþarfir og lausnir. Næstu skref eru meðal annars að beina sem flestum í niðurhal, leita eftir öðrum dreifingarformum en geisladiskum og framleiðsla rafbóka, en fyrst um sinn verða námsbækur framleiddar á því formi. Rafræn dreifing námsefnis fyrir prentleturshamlaða er innbyggð í ný kerfi og sá lærdómur hefur verið dreginn í ferlinu öllu að huga þarf að ótal atriðum áður en slíkt dreifing hefst.

## Hvernig upplifði starfsfólkið nýsköpunina?

Starfsmenn eru ánægðir með breytingarnar. Þær krefjast nýrra starfsaðferða og skipulags og hefur því álag verið töluvert á starfsfólk sem er í lágmarki á safninu. Þar sem viðhald á lager og móttaka notaðra geisladiska er úr sögunni nýttist tíminn betur til að tileinka sér nýjar aðferðir og að vinna í öðru sem setið hefur á hakanum.

Starfsmenn óttuðust í upphafi að ekki tækist að hugsa fyrir öllum þörfum á meðan ný kerfi voru í byggingu. Starfsfólk var hvatt til að viðra allar hugsanlegar áhyggjur í tilraun til að koma auga á hvaða vandamál gætu hugsanlega komið upp og valdið erfiðleikum, annars vegar hvað þjónustuna varðaði og hins vegar hvað innri samskipti varðaði. Skýr framtíðarsýn var sett fram áður en ferlið hófst. Starfsfólk safnsins var almennt mjög jákvætt og ferlið þjappaði því saman. Unnið var markvisst með liðsheild og að allir væru sér meðvitandi um hvar safnið var stadd í ferlinu. Lykilatriði að farsælli niðurstöðu var þekking, reynsla og aðkoma allra starfsmanna.

*Þessar breytingar hafa gengið mjög vel og verið til góðs. Engin bið er eftir bókum, alltaf allt til. Við óttuðumst að lánþegar tækju því illa að eiga að henda diskum að notkun lokinni. En raunin varð*

*önnur, það var almenn ánægja með þetta fyrirkomulag . Margir hafa komið með hugmyndir á áframhaldandi notagildi diskana eins og t.d nota þá í föndur. Niðurhalið hefur líka auðveldað lánþegum aðgengi hjá okkur og létt undir í afgreiðslu.*

– Hulda Pétursdóttir, deildarstjóri útlánadeildar

*Ég held að ákvörðunin að fara út í niðurhal eigi eftir að sanna sig sem okkar mikilvægasta skref í dreifingarmálum. Hún býður upp á aukið sjálfstæði þeirra sem nýta sér þjónustuna og möguleika á stórkostlegum sparnaði fyrir stofnunina.*

– Einar Hrafnsson